


Rannsóknastöðin Rif ses.

Ársskýrsla 2016



Inngangur

Rannsóknastöðin Rif var formlega stofnuð 23. maí 2014 og er afsprengi verkefnis Byggðastofnunar um „Brothættar byggðir“. Árið á undan hafði Náttúrustofa Norðausturlands unnið að undirbúningi stöðvarinnar með stuðningi Byggðastofnunar, Vaxtarsamnings Norðausturlands (VAXNA) og Styrktarsjóðs EBÍ (Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands). Rannsóknastöðinni er ætlað að skapa jarðveg fyrir rannsóknir og þekkingarsköpun sem byggir á náttúrufarslegri sérstöðu Melrakkasléttu, m.a. hvað varðar áhrif loftslagsbreytinga og aukinna umsvifa mannsins á vistkerfi norðurslóða. Aðgengilegur norðurhluti Melrakkasléttu er skilgreindur sem heimskautasvæði (e. *Low Arctic*) og hentar því afar vel fyrir slíkar rannsóknir.

Hlutverk og markmið


Rannsóknastöðin Rif er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988. Náttúrufarsleg sérstaða Melrakkasléttu, nálægð við heimskautsbaug og tengsl svæðisins við náttúru norðurslóða mótar hlutverk og megin markmið Rifs sem er þrjúþætt:

1. Að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkasléttu, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í norðurslóðasamstarfi
2. Að safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu til almennings, stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins
3. Að styðja nærsamfélagið með því að taka þátt í samfélaginu, m.a. með fræðslu og stuðningi við náttúrutengda ferðamennsku.

Nánari útfærslu og útskýringar á markmiðunum má sjá í stjórnunaráætlun Rifs.

Stjórn

Eftirtaldir aðilar skipuðu stjórn Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2016 og helst sú skipan óbreytt frá fyrra ári (sjá mynd 1):



Mynd 1. Stjórnskipan Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2016.

Starfsemi árið 2016

Störf stjórnar

Almennt hefur verið unnið út frá þeirri stefnu er mótuð var í greinargerð um Rif sem unnin var af Náttúrustofu Norðausturlands í aðdraganda stofnunar stöðvarinnar. Í greinargerðinni var sett fram stefnumótun um starfsemi rannsóknastöðvarinnar og rekstraráætlun til þriggja ára. Auk þess er þar að finna yfirlit um náttúrufar og fyrri rannsóknir á Melrakkaslétu.

Stjórn Rifs fundaði alls þrisvar á árinu 2016. Fyrsti fundurinn var haldinn 25. apríl í húsnæði Þekkingarnets Þingeyinga á Húsavík, þar sem Náttúrustofa Norðausturlands er til húsa. Annar stjórnarfundur ársins var haldinn 15. september í Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4 í Reykjavík. Bauð þar Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, sem þar er einnig til húsa, upp á fundaraðstöðu og kunna stjórnarmeðlimir og starfsmaður Rifs því kærar þakkir. Þriðji og síðasti stjórnarfundur ársins var haldinn 12. desember s.l., en vegna lítils fyrirvara varð úr að halda hann í gegnum síma og tölvu og gaf það góða raun.

Reiknað er með að skipulagsvinna fyrir Rannsóknastöðina Rif verði endurskoðuð í byrjun árs 2017 í samræmi við fjölda og eðli þeirra umsókna um afnot af rannsóknastöðu sem berast og þær fjárveitingar sem þá liggja fyrir.

Húsnæði og aðstaða

Árið 2016 var húsnæðisaðstaða rannsóknastöðvarinnar áfram samrekin með gistiheimilinu Hreiðrinu að Aðalbraut 16, Raufarhöfn. Gert er ráð fyrir því að sá háttur verði einnig hafður á út árið 2017. Þó er stefnt að því að hefja uppbyggingu rannsóknastöðu á árinu, mögulega í húsnæði grunnskóla staðarins í samvinnu við skólastjórnendur og sveitarfélagið Norðurþing. Óformlegar umræður þess efnis voru þegar hafnar á árinu 2015 og voru þau málefni rædd áfram árið 2016. Rannsóknastöðin hafði áfram afnot af jörðinni Rifi, nyrstu jörð landsins samkvæmt samkomulagi við Ríkiseignir sem hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis. Samkomulagið gildir til ársins 2024.

Starfsmannamál

Jónína Sigríður Þorláksdóttir, sem ráðin var til stöðvarinnar í júlí 2015, gegndi áfram stöðu verkefnastjóra stöðvarinnar fram í október 2016 en var þá ráðin sem forstöðumaður stöðvarinnar. Jónína er líffræðingur (B.Sc.) frá Háskóla Íslands og útskrifaðist með M.Sc. í umhverfis- og auðlindafræði frá sama skóla haustið 2015. Hún er uppalin á svæðinu og því bæði mannlífi og náttúru staðarins vel kunnug.

Stöðugildið hefur hingað til verið miðað við 70% starf en áætlað er að hækka starfshlutfallið árið 2017 í samræmi við aukna starfsemi stöðvarinnar.

INTERACT og CBMP vöktunaráætlunin

Rannsóknastöðin Rif er áfram virkur meðlimur INTERACT, sem er öflugt samstarf rannsóknastöðva á norðurslóðum. Tengslin við INTERACT samstarfið urðu enn sterkari á tímabilinu, en umsókn samstarfsins til Evrópusambandsins (Horizon 2020) var samþykkt sem tryggir auknar rannsóknir á Rifi og tengsl við aðrar stöðvar.

Nú þegar hafa nokkrar formlegar umsóknir um dvöl í stöðinni borist í gegnum Transnational Access pakka samstarfsins en er þar um að ræða vísindamenn sem hyggja á rannsóknir á landi Rifs.

Rannsóknastöðin hefur verið tilnefnd af INTERACT sem ein þeirra þriggja stöðva sem mun vinna að innleiðingu, uppbyggingu og framkvæmd CBMP-vöktunaráætlunarinnar (Circumpolar Biodiversity Monitoring Program). Áætlunin er eitt af lykilverkefnum CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna), en CAFF er vinnuhópur á vegum Norðurskautsráðsins sem einnig er meðlimur í INTERACT samstarfinu. Þessu verkefni hefur verið úthlutað vegleg upphæð af Evrópustyrk INTERACT til að hægt sé að hefja uppbyggingu og framkvæmd vöktunarverkefnisins. Einnig er tryggt fjármagn fyrir hluta gistinátta og ferðakostnaðar erlendra vísindamanna sem vilja sækja Rif heim á árinu í gegnum Transnational Access pakka INTERACT samstarfsins. Þannig hafa tengsl Rifs við vísindasamfélagið, bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, verið styrkt til muna á þessu síðasta tímabili. Fjármagn til rekstrar og umsjónar stöðvarinnar fæst þó ekki í gegnum samstarfið og byggir því á áframhaldandi fjármögnun annars staðar frá.



Mynd 2. Aðildarstöðvar INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic).

Kynningarmál og tengslamyndun

Árið 2016 fékk Rannsóknastöðin Rif veglegan styrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra sem nýttast skyldi til uppbyggingar starfseminnar. Var 1. áfangi verkefnisins helgaður kynningarmálum og tengslamyndun og hefur verið útbúin greinargerð til að útlista ítarlega vinnu innan þess áfanga og þann árangur sem hún hefur haft í för með sér. Talið var mikilvægt að styrkja tengslanet stöðvarinnar, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi og fá þannig fram enn frekari kynningu og aukna eftirspurn í gegnum slík sambönd. Því var ákveðið að leggja áherslu á þennan lið alveg frá byrjun og voru ákveðnir þættir lagðir til grundvallar sem vinna skyldi að. Þeir voru:

- Hugmyndavinna, hönnun og útgáfa kynningarefnis
- Uppfærsla, endurnýjun og áframhaldandi vinna við vefsíðu stöðvarinnar
- Myndun og styrking tengslanets: Starfsemi og framtíðaráform Rifs kynnt háskólum og rannsóknastofnunum
- Styrking alþjóðlegs samstarf og tengsla, m.a. í gegnum INTERACT
- Þátttaka í alþjóðlegri ráðstefnu IPTRN (International Polar Tourism Research Network) sem fram fór á Raufarhöfn 2016
- Þátttaka í öðrum ráðstefnum, m.a. Arctic Circle, þar sem Rannsóknastöðin Rif skyldi kynnt og komið á framfæri.

Til að leggja mat á árangur áfangans voru ákveðnir teljanlegir mælikvarðar lagðir til grundvallar:

- Útgefið kynningarefni, heimsóknir á vefsíðu og fjöldi kynninga á vegum Rifs
- Fjöldi umsókna um afnot af aðstöðu
- Fjöldi gistinátta og þeirra vísindamanna er sóttu stöðina heim árið 2016
- Fjöldi fyrirspurna og verkefna á árinu

Vinna innan áfangans

Vinna innan þessa áfanga hefur verið í samræmi við markmið hans. Unnið var að hönnun og útgáfu kynningarefnis fyrir Rif, vefsíða stöðvarinnar uppfærð eftir þörfum og aukið við þann fróðleik og efni sem þar er að finna.

Á árinu var tvívegis gefið út fréttabréf, í ágúst og í desember, þar sem sagt var frá þeim verkefnum og uppbyggingu sem unnið hefur verið að á árinu svo og starfseminni almennt. Fréttabréfin voru send á stofnanir, félög, þingmenn, ráðuneyti o.fl. aðila sem talið var að hefðu áhuga á og hag af því að fylgjast með framvindu mála. Útbúinn var sérstakur póstlisti fyrir Rif í tengslum við þessar sendingar. Í október var svo útbúið stutt minnisblað um starfsemina og framtíð verkefnisins sem sent var á stofnanir, ráðuneyti og þingmenn. Var það svo uppfært og sent út aftur á þingmenn, ráðuneyti og fjárlaganefnd Alþingis í tengslum við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2017. Tilgangur þess var að auka líkur á að framlag til Rifs myndi fást á fjárlögum næsta árs og þar með að rekstrargrundvöllur stöðvarinnar yrði tryggður. Þá var vinna og samskipti í tengslum við INTERACT samstarfið og umsókn þess um styrk í gegnum Horizon2020 verkefni Evrópusambandsins töluverð.

Starfsemi rannsóknastöðvarinnar var kynnt á IPTRN ráðstefnunni á Raufarhöfn í byrjun september en Rif tók einnig þátt í að skipuleggja ráðstefnuna. Rif sótti Arctic Circle ráðstefnuna í Hörpu sem haldin var í byrjun október. Auk þess að vinna í styrkingu tengsla við ýmsa aðila og dreifa bæklingum og nafnspjöldum tók verkefnastjóri þátt í málstofu um vöktun á norðurhvara og talaði þar um hvernig Rannsóknastöðin Rif getur verið liður í að styrkja slíka starfsemi á alþjóðavettvangi. Þá var flutt sérstakt kynningarerindi um Rif á Hrafnáþingi 2. nóvember síðastliðinn, en Hrafnáþing er röð opinna fræðsluerinda á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Mynd 3. Hópmýnd af þátttakendum í IPTRN-ráðstefnunni upp við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn.

Verkefnastjóri skrifaði kynningargrein um starfsemi Rifs, náttúrulega sérstöðu svæðisins, rannsóknir og framtíðarmöguleika sem birtist í 1.-2. hefti 86. árgangs Náttúrufræðingsins sem kom út þann 12. júlí síðast liðinn. Þá fór verkefnastjóri í viðtal í maímánuði hjá sjónvarpsstöðinni N4 þar sem verkefnið og framtíðaráform voru kynnt. Einnig var tekið stutt kynningarviðtal við verkefnastjóra á vegum Stöðvar 2 í júlí og annað sjónvarpsviðtal á vegum RÚV á meðan á IPTRN-ráðstefnunni stóð.

Nú í lok síðasta árs var sérstaklega lagt upp með að kynna verkefnið fyrir þingmönnum og ráðuneytum. Í því ferli var lögð áhersla á alþjóðlegt samhengi og þá miklu samleið sem verkefnið á við stefnu og skuldbindingar Íslands í málefnum norðurslóða. Þar er m.a. átt við þá staðreynd að Ísland er eitt af átta aðildarríkjum Norðurskautsráðsins og mun gegna formennsku 2019-2021.

Einnig er tekið skýrt fram í skýrslu um hagsmunamat Íslands á norðurslóðum sem kom út í september s.l. að rannsóknir á lífríki, umhverfi og samfélögum séu einn mikilvægasti þáttur alþjóðlegs samstarfs ríkja á norðurslóðum. Þar eru Vísindarannsóknir og vöktun breytinga einnig nefnt sem undirstaða frekari stefnumótunar innan ríkja sem og í alþjóðlegu samhengi.


Í öllum þeim tilvikum sem hér hafa verið nefnd var skýrt tekið fram að styrkur til verkefnisins hefði fengist frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Fréttum af starfseminni (gestum, verkefnum,

styrkveitingum, fróðleiksmolum o.fl.) voru svo gerð góð skil á heimasíðu og Facebook síðu Rífs jafnóðum.

Kynningarstarfið virðist hafa náð því markmiði sínu að vekja athygli á stöðinni, aðstöðu hennar og starfi innanlands. Þetta má m.a. ráða af því að ýmsir innlendir aðilar hafa sett sig í samband við stöðina með það í huga að auka samstarf eða vinna að ákveðnum verkefnum í samvinnu við Ríf eða á landi Rífs. Má þar m.a. nefna Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands, og Landgræðslu ríkisins. Þá hefur Vistfræðifélag Íslands boðið Rífi að taka þátt í skipulagningu Vistfræðiráðstefnunnar 2017 sem mun fara fram á Hólum í Hjaltadal í lok apríl 2017. Forstöðumaður Rífs situr í fagnefnd ráðstefnunnar og tekur þannig þátt í að velja úr mögulegum fyrirlesurum, fyrirlestrum og veggspjöldum til að móta umfjöllunarefni ráðstefnunnar. Þá er kynningarstarfið mikilvægur liður í að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll stöðvarinnar og hefur það einnig þjónað vel þeim tilgangi sínum.

Nýting aðstöðu og rannsóknir árið 2016

Starfsemi stöðvarinnar jókst mikið á síðasta ári. Þetta má til dæmis sjá ef litið er til gistinátta. Á fyrsta starfsári stöðvarinnar árið 2014 voru gistinætur 20 talsins en urðu 220 árið 2016 (mynd 2). Þeir gestir sem sóttu stöðina heim á árinu voru 79 talsins og unnin voru 15 afmörkuð verkefni. Þar að auki fór fram mófuglavöktun á landi Rífs á vegum Náttúrustofu Norðausturlands þar sem talið var á föstum reitum. Mun þessi vöktun verða árleg framvegis og stefnt er á að vakta fleiri fuglahópa og gróðurfar. Þá hefur verið sýnt fram á þá breidd sem í boði er og að hægt sé að koma til móts við stærri hópa, s.s. stóra nemendahópa og ráðstefnuhópa, en einnig doktorsnema sem dvelja í stöðinni yfir lengra tímabil.



Mynd 4. Gistináttafjöldi Rífs frá stofnun stöðvarinnar.

Rekstur árið 2016

Heildartekjur Rannsóknastöðvarinnar Rífs á síðasta ári voru 6.189.950 kr. Var þar um að ræða þriggja milljóna króna styrk sem Alþingi veitti til starfseminnar í gegnum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið auk styrkja upp á 2,4 milljónir frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og 400 þús kr. frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar. Samkvæmt ársreikningi stöðvarinnar fyrir árið 2016 nam rekstrarkostnaður stöðvarinnar kr. 6.638.966 en þar af var launakostnaður kr. 4.441.396. Rekstrarhalli vegna ársins nemur því 457.052 kr og er honum mætt með rekstrarafgangi síðustu ára.

Nánar er gerð grein fyrir fjárhag og rekstri í ársreikningi Rannsóknastöðvarinnar fyrir árið 2016.